

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um starfsmenn á Landspítala.

1. Hver er fjöldi starfsmanna á Landspítala og hvernig hefur starfsmannafjöldi þróast frá árinu 2010, sundurliðað eftir árum?

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var starfsmannafjöldi spítalans þann 25. maí 2023 6.990 starfsmenn. Þróun fjölda starfsmanna frá 2010 má sjá í eftirfarandi töflu.

Þróun fjölda starfsmanna	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Meðalfjöldi starfsmanna á ári	4.789	4.802	4.829	4.945	5.088	5.197	5.440	5.685	5.928	6.168	6.293	6.391	6.753

2. Hvert er hlutfall klínískra starfsmanna og annarra sem starfa í þjónustu við sjúklinga á Landspítala og hvernig hefur það hlutfall þróast frá árinu 2010, sundurliðað eftir árum?

Í eftirfarandi töflu frá Landspítala má sjá þróun stöðugilda sem flokkuð eru eftir tegund þjónustu í klínískri þjónustu annars vegar og stöðþjónustu hins vegar. Einnig má sjá hlutfallslega skiptingu stöðugilda. Hlutfall stöðugilda innan klínískrar þjónustu af heildarfjölda stöðugilda árið 2022 var 85% og hefur hækkað frá árinu 2010 um tæp tvö prósentustig. Hlutfall stöðugilda í stöðþjónustu hefur á móti lækkað úr 16,8% árið 2010 í 15% árið 2022.

Þróun greiddra stöðugilda frá 2010 til 2022, fjöldi og hlutfall - skipt eftir tegund þjónustu													
Þróun stöðugilda	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Klínísk þjónusta	3053,7	3069,6	3064,9	3084,3	3168,8	3158,0	3351,5	3444,8	3572,0	3687,1	3773,8	3992,3	4148,5
Stöðþjónusta	614,4	592,0	584,2	589,8	590,3	595,7	610,1	628,4	649,3	675,3	687,4	704,0	733,3
Alls:	3668,1	3661,6	3649,1	3674,1	3759,2	3753,7	3961,6	4073,2	4221,3	4362,4	4461,2	4696,3	4881,9
Hlutfallsleg skipting stöðugilda - eftir tegund þjónustu													
Þróun stöðugilda - hlutfall	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Klínísk þjónusta	83,2%	83,8%	84,0%	83,9%	84,3%	84,1%	84,6%	84,6%	84,6%	84,5%	84,6%	85,0%	85,0%
Stöðþjónusta	16,8%	16,2%	16,0%	16,1%	15,7%	15,9%	15,4%	15,4%	15,4%	15,5%	15,4%	15,0%	15,0%
Alls:	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

3. Hvert er hlutfall starfsmanna sem starfa við skrifstofustörf á Landspítala og hvernig hefur það hlutfall þróast frá árinu 2010, sundurliðað eftir árum?

Rétt er að geta þess í byrjun að ekki er til neitt sem afmarkar skrifstofufólk frá öðru starfsfólki í kerfum Landspítala. Í svari Landspítala hefur spítalinn hins vegar lagt sig fram um að flokka starfsmenn eftir því hvort þeir vinna við skrifborð eða ekki. Þeir sem teljast til skrifstofufólks eru almennt þeir sem vinna í stöðþjónustu, svo sem starfsmenn á skrifstofu forstjóra, fjármála, mannauðsmála, starfsfólk þróunar (þ.m.t. tæknifólk heilbrigðis- og upplýsingateknideildar), framkvæmdastjórar, gæðastjórar, mannauðsstjórar, fjármálastjórar, launafulltrúar o.fl. Undanskildir eru starfsmenn stöðþjónustu sem sinna starfi sínu ekki frá

skrifborði, svo sem iðnaðarmenn, ræstitæknar, starfsfólk í eldhúsi, vaktmenn, öryggisverðir o.s.frv.

Þó að skrifstofumönnum (samkvæmt áður nefndri aðferðafræði) hafi fjölgað undanfarin ár hefur þeim fækkað hlutfallslega eða um 1,4 prósentustig milli ára 2010 og 2022.

Tölur sýna fjölda greiddra stöðugilda „skrifstofumanna“ og annarra annarsvegar og hlutfall þessara hópa hins vegar.

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Skrifstofumenn	316,6	329,5	318,7	317,5	316,0	312,7	327,2	340,7	350,3	355,0	347,9	343,6	349,4
Aðrir	3351,5	3332,0	3330,4	3356,6	3443,1	3441,0	3634,4	3732,4	3871,0	4007,4	4113,3	4352,8	4532,6
	3668,1	3661,6	3649,1	3674,1	3759,2	3753,7	3961,6	4073,2	4221,3	4362,4	4461,2	4696,3	4882,0
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Skrifstofumenn	8,6%	9,0%	8,7%	8,6%	8,4%	8,3%	8,3%	8,4%	8,3%	8,1%	7,8%	7,3%	7,2%
Aðrir	91,4%	91,0%	91,3%	91,4%	91,6%	91,7%	91,7%	91,6%	91,7%	91,9%	92,2%	92,7%	92,8%

Hlutfall skrifstofumanna hefur minnkað úr 8,6% af öllum starfsmönnum árið 2010 í 7,2% árið 2022.